

# Mál gegn trúfélögum í biðstöðu

GEÐHJÁLP hefur haft með höndum mál vegna samskipta trúfélaga og geðfatlaðra allt frá árinu 2002. Sveinn Magnússon, framkvæmdastjóri Geðhjálpar, segir alvarlegt að mál skjólstæðinganna gangi svo hægt fyrir sig hjá lögreglu.

„Í lok árs 2002 fór Geðhjálpar að berast símhringingar frá geðfötludum, alls hátt í annað hundrað manns, sem tengdust samskiptum fólks með geðraskanir og trúfélaga vegna peningamála. Að lokum fóru þrjú mál til athugunar hjá lögreglu,“ útskýrir Sveinn. Eitt málanna féll stuttu síðar niður, þar sem viðkomandi trúfélag greiddi til baka þá fjármuni sem viðkomandi hafði lagt til.

Gögn lágu fyrir um tvö mál þar sem um meinta misnotkun á bágindum geðsjúkra var að ræða, að sögn Sveins. „Annað þeirra mála féll niður nú nýlega, þar sem viðkomandi fékk endurgreitt frá viðkomandi trúfélagi. Þá hafði málið legið hjá lögreglu á annað ár. Það hefur gengið allt of hægt í kerfinu,“ segir Sveinn.

Eitt mál er enn eftir og er í rann-

sókn hjá efnahagsbrotadeild lögreglu. Að því standa Geðhjálpar og aðstandendur einstaklings, sem seldi allar eigur sínar til trúfélags, og svipti sig stuttu síðar lífi. „Einstaklingurinn var greindur mjög geðsjúkur, en seldi allar eigur sínar og gaf trúfélaginu. Þessi mál eru það alvarleg að við teljum nauðsynlegt að þau fari fyrir dómstóla,“ segir Sveinn.

## Ósammála leið trúfélaga

„Við erum aldeilis ósammála trúfélögum og sjónvarpsstöðinni Omega um að fólk með geðröskun stríði við atsókn djöfulsins. Geðhjálpar telur það ekki réttu leiðina til að aðstoða fólk. Við erum hrædd við þessa þróun, en getum ekki fest hendur á þessu um leið,“ segir Sveinn og vísar þar til dæmis til viðtals við konu á Omega síðastliðna helgi þar sem hún lýsti meintri aðför djöfulsins að sér.

Haft var samband við sjónvarpsstöðina Omega, en að sögn aðstandenda hennar var ekki lítið svo á að neitt væri athugavert við viðtöl sem send væru út á stöðinni.